



Efnisyfirlit

Áritun félagskjörinn skoðunarmanna	1
Áritun stjórnar	2
Skýrsla stjórnar	3
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Sjóðstreymi	8
Skýringar	9



Áritun félagskjörinna skoðunarmanna

Við undirritaðir höfum skoðað ársreikning handknattleiksdeildar Gróttu fyrir árið 2015. Skoðun okkar hefur ekkert leitt í ljós sem bendir til annars en að reikningsskilin gefi glögga mynd af afkomu og sjóðstreymi á árinu 2015 og efnahag í lok ársins.

Skoðunarmenn handknattleiksdeildar Gróttu staðfesta hér með ársreikning deildarinnar fyrir árið 2015 með undirritun sinni.

Seltjarnarnesi, 7. apríl 2016

Rögnvaldur Dofri Pétursson

Bjarni Torfi Alfpórsson



Áritun stjórnar

Stjórn handknattleiksdeildar Gróttu staðfestir hér með ársskýrslu og ársreikning deildarinnar fyrir árið 2015 með undirritun sinni.

Seltjarnarnesi, 7. apríl 2016

Arnar Þorkelsson

Arnar Kormákur Friðriksson

Davíð Scheving

Kristín Þórðardóttir

Helga Þórðardóttir

Hannes Birgisson

Agla Marta Stefánsdóttir



Skýrsla stjórnar Handknattleiksdeild Gróttu 2015

Meistaraflokkar karla og kvenna

Á aðalfundi deildarinnar 2015 voru eftirtaldir aðilar kosnir í stjórn:

Arnar Þorkelsson, formaður, Kristín Þórðardóttir, varaformaður, Davíð Scheving, gjaldkeri, Arnar Kormákur Friðriksson, Agla Marta Stefánsdóttir, Hannes Birgisson, Helga Þórðardóttir, Ingveldur Kristjánssdóttir og Karítas Kjartansdóttir form. unglingaráðs.

Starf handknattleiksdeildar Gróttu hefur verið með miklum sóma þetta árið. Iðkendur eru tæplega 350 talsins og skiptingin nokkuð jöfn á milli drengja og stúlkna. Starfinu er skipt niður í meistaraflokka og yngri flokka. Hér verður fjallað um starfsemi meistaraflokka og formaður unglingaráðs fjallar um starf yngri flokka.

Helstu verkefni stjórnar á árinu

Tvær breytingar urðu á þjálfarateymum meistaraflokka félagsins á þessu starfsári. Andri Sigfússon tók við af Kristjáni Geir Þorsteinssyni sem aðstoðarþjálfari mfl.karla og Anna Úrsúla Guðmundsdóttir kom inni þjálfarateymi mfl. kvenna. Gunnar Andrésson starfaði áfram sem þjálfari mfl. karla og þeir og Kári Garðarsson og Guðmundur Árni Sigfússon héldu áfram störfum sem þjálfarar mfl. kvenna.

Á vormánuðum var farið í ganga til samninga við núverandi leikmenn og gekk sú vinna nokkuð vel. Stefna félagsins hefur verið að byggja á leikmönnum sem að koma úr yngri flokkastarfi félagsins. Nokkrar breytingar urðu á bæði mfl. karla og mfl. kvenna fyrir tímabilið en helst ber að nefna að mfl.kk endurheimti tvo uppalda leikmenn fyrir tímabilið þá Finn Inga Stefánsson og Daða Laxdal Gautason, ásamt því að Lárus Helgi Ólafsson og Guðni Ingvarsson komu til félagsins. Meistaflokkur kvenna fékk til sín þær Unni Ómarsdóttur og Þóreyju Önnu Ásgeirsdóttur en þær léku báðar í Noregi á síðasta tímabili.

Í dag eru 22 leikmenn með HSÍ samning í karlaliðinu og 23 í kvennaliðinu. Heildarfjöldi leikmanna á samning eru því 45 og eingöngu 9 þeirra koma ekki úr yngri flokkum félagsins. Hlutfall uppalinna leikmanna er því 80%, sem er einsdæmi á Íslandi.

Unnið hefur verið að því að bæta umgjörð heimaleikja félagsins sem hefur gengið vel að mati stjórnar sem og bæta í umfjöllun og kynningarstarf á samfélagsmiðlum. Þetta starf hefur skilað sér með töluvert betri aðsókn á heimaleiki félagsins á árinu.

Í ágúst síðastliðnum var haldinn handboltaskóli Gróttu og var boðið upp á 3 námskeið. Þátttakan var glæsileg en skráðir voru rúmlega 300 þátttakendur. Handknattleiksdeild Gróttu í samstarfi við knattspyrnudeild Gróttu stóðu fyrir þorrablóti í janúar, höfðu umsjón með árshátíð Seltjarnarnesbæjar í október og héldu herrakvöld Gróttu í október. Allir viðburðir heppnuðust einstaklega vel.

Í mars var haldið kvennakvöld Gróttu og er gaman að segja frá því að á kvöldið mættu rúmlega 120 konur og hefur aðsókn aldrei verið betri.

Unnið var markvisst í að halda áfram góðu samstarfi við núverandi og nýja styrktaraðila og hafa flest allir tekið vel í það að styrkja það starf sem handboltinn er að vinna í hér á Nesinu. Handknattleiksdeild Gróttu er með bæði kvenna- og karlalið í fremstu röð og ljóst er að slíkur árangur kallar á frekari vinnu við öflugri styrktaraðila sem þó gekk nokkuð vel á árinu. Ásamt þeim fyrirtækjum sem styrkja deildina þá er Seltjarnarnesbær einn af öflugri styrktaraðilum deildarinnar og félagsins í heild og þökkum við þeim kærlega fyrir þennan stuðning sem verður vonandi um ókomna tíð.

Meistaraflokkar - Árangur

Báðir meistaraflokkar félagsins leika í efstu deild, Olís deildinni tímabilið 2015/16.

Mfl. kvenna náði þeim einstaka árangri á síðasta tímabili að ná öllum þeim stóru titlum sem í boði voru. Þær urðu Íslandsmeistarar, bikarmeistarar og deildarmeistarar og er það í fyrsta sinn í sögu handboltans á Íslandi sem félag nær öllum þessum titlum í fyrsta sinn á sama árinu. Einstakur árangur hjá liðinu og ber að hrósa þeim sem að þessu komu sérstaklega.

Mfl. karla sigraði 1.deildina örugglega á síðasta tímabili, en þeir fóru taplausir í gegnum deildina og tryggðu sér sæti í efstu deild.

Á lokahófi HSÍ sem fór fram í maí í fyrra sópaði Gróttu til sín verðlaunum en þau voru:

Besti varnarmaður Olísdeildar kvenna 2015: **Anna Úrsúla Guðmundsdóttir**

Besti markmaður Olísdeildar kvenna 2015: **Íris Björk Símonardóttir**

Efnilegasti leikmaður Olísdeildar kvenna 2015: **Lovísa Thompson**

Besti þjálfari Olísdeildar kvenna 2015: **Kári Garðarsson**

Besti sóknarmaður 1.deildar karla 2015: **Viggó Kristjánsson**

Besti þjálfari 1.deildar karla 2015: **Gunnar Andrésson**

Leikmaður ársins í 1.deild karla 2015: **Viggó Kristjánsson**

Sigríðarbikarinn 2015: **Íris Björk Símonardóttir**

Háttvísiverðlaun HDSÍ kvenna 2015: **Íris Björk Símonardóttir**

Markahæsti leikmaður 1.deildar karla 2015: **Viggó Kristjánsson – 192 mörk**

Úrvalsið kvenna:

Markvörður: **Íris Björk Símonardóttir**

Línumaður: **Anna Úrsúla Guðmundsdóttir**

Undir lok árs 2015 var einnig tilkynnt um val HSÍ á handknattleiksmanni og konu ársins. Handknattleikskona ársins var valin Íris Björk Símonardóttir og handknattleiksmaður ársins var Guðjón Valur Sigurðsson, bæði Gróttufólk og mikill heiður fyrir félagið í heild sinni.

Þann 27. febrúar sl. var sannkallaður Gróttudagur í Laugardalshöllinni, en þá léku bæði mfl. karla og mfl. kvenna til úrslita í bikarkeppninni, Coca-Cola bikarnum. Eftir frábæra undanúrslitaleiki þar sem mfl. kvenna sigraði Hauka og mfl. karla sigraði Stjörnuna þá varð niðurstaðan því miður tap í báðum úrslitaleikjunum en árangurinn engu að síður frábær fyrir Gróttu.

Nú er að líða að seinnihluta núverandi tímabils og hefur framgangur meistaraflokka félagsins verið til mikillar fyrirmyndar. Mfl. kvenna lauk deildarkeppninni í öðru sæti og meistaraflokkur karla í 5. sæti. Í framhaldi tekur síðan við úrslitakeppni um Íslandsmeistaratitilinn.

Árangur meistaraflokka félagsins endurspeglast í því öfluga og góða starfi sem unnið hefur verið í yngri flokkum Gróttu undanfarin ár og með áframhaldandi öflugugu starfi ætti markmið okkar að tryggja stöðu Gróttu sem eitt af öflugustu handknattleikslíðum landsins að ná fram að ganga.

Hvað er framundan

Markmið deildarinnar er að fjölga þeim aðilum sem vilja vinna við starf deildarinnar og byggja það upp innan frá eins mikið og hægt er því efniviðurinn í meistaraflokkum og yngri flokkum félagsins hefur aldrei verið meiri né betri. Því þarf að efla alla umgjörð í kringum deildina og fjölga okkar sjálfboðaliðum til þess að sjá deildina dafna og þroskast á næstu árum.

Næstu vikur og mánuðir eru einstaklega spennandi fyrir handboltann á Nesinu! Báðir meistaraflokkarnir að fara í úrslitakeppnina um Íslandsmeistaratitilinn og mikil gróska í starfi deildarinnar.

Stjórn handboltans vill þakka ÍTS, Seltjarnarnesbæ og öllum styrktaraðilum fyrir mjög gott samstarf og öflugan stuðning við deildina síðastliðin ár.

Framkvæmdarstjóra, verkefnastjóra Gróttu, samstarfsmönnum í aðalstjórn og stjórn deildarinnar, starfsmönnum íþróttamiðstöðvar og okkar ómetanlegu sjálfboðaliðum þökkum við fyrir gott samstarf á liðnu tímabili.

Seltjarnarnesi, 7. apríl 2016

Arnar Þorkelsson
Formaður handknattleiksdeildar Gróttu



Rekstrarreikningur 2015

Rekstrartekjur	Skýr.	2015	2014
Framlög og styrkir	3	18.840.674	16.236.505
Tekjur af mótum		8.358.106	3.421.787
Auglýsingatekjur		8.075.396	4.426.455
Aðrar tekjur		4.022.169	1.826.500
		<u>39.296.345</u>	<u>25.911.247</u>
Rekstrargjöld			
Verktakagreiðslur		14.940.939	9.623.400
Styrkir til deilda (húsaleigustyrkir)		7.259.000	7.336.000
Áhöld, tæki og búnaður		1.267.121	1.496.003
Þátttaka og kostnaður vegna móta	4	10.143.734	6.122.632
Annar kostnaður	5	6.441.086	2.490.767
		<u>40.051.880</u>	<u>27.068.802</u>
Rekstrartap		(755.535)	(1.157.555)
Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld			
Vaxtatekjur		3.023	3.651
Vaxtagjöld		<u>(5.630)</u>	<u>(18.640)</u>
		<u>(2.607)</u>	<u>(14.989)</u>
Tap ársins		<u>(758.142)</u>	<u>(1.172.544)</u>



Efnahagsreikningur 31/12 2015

Eignir

	Skýr.	2015	2014
Veltufjármunir			
Vörubirgðir		10.540	10.540
Skammtímaskröfur		1.115.002	256.791
Handbært fé		300.820	174.295
Veltufjármunir samtals		<u>1.426.362</u>	<u>441.626</u>
Eignir samtals		<u>1.426.362</u>	<u>441.626</u>

Eigið fé og skuldir

	Skýr.	2015	2014
Eigið fé			
Uppsafnað eigið fé frá fyrra ári		(573.585)	598.959
Tap ársins		<u>(758.142)</u>	<u>(1.172.544)</u>
Eigið fé samtals	6	<u>(1.331.727)</u>	<u>(573.585)</u>
Skuldir			
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir		<u>2.758.089</u>	<u>1.015.211</u>
Skammtímaskuldir samtals		<u>2.758.089</u>	<u>1.015.211</u>
Skuldir samtals		<u>2.758.089</u>	<u>1.015.211</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>1.426.362</u>	<u>441.626</u>



Sjóðstreymi 2015

Handbært fé (til) frá rekstri	Skýr.	2015	2014
Hagnaður (Tap) ársins		(758.142)	(1.172.544)
Hreint veltufé til rekstrar		<u>(758.142)</u>	<u>(1.172.544)</u>
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Skammtímakröfur		(858.211)	675.938
Skammtímaskuldir		<u>1.742.878</u>	<u>38.603</u>
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum		884.667	714.541
Handbært fé (til) frá rekstri		<u>126.525</u>	<u>(458.003)</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		126.525	(458.003)
Handbært fé í ársbyrjun		174.295	632.298
Handbært fé í árslok		<u>300.820</u>	<u>174.295</u>



Skýringar

1. Upplýsingar um félagið

Handknattleiksdeild Gróttu er hluti af Íþróttafélaginu Gróttu á Seltjarnarnesi. Starfsstöð deildarinnar er staðsett við Suðurströnd 8 á Seltjarnarnesi. Þessi ársreikningur, handknattleiksdeildar Gróttu, er ársreikningur meistaraflokka.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Hann er í íslenskum krónum og byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Matsaðferðir

Stjórnendur þurfa að meta og taka sértækar ákvarðanir er varða mikilvæga liði ársreikningsins og vegna eðlis síns eru háðir mati hverju sinni. Matsaðferðirnar eiga sér stoð í góðri reikningsskilavenju. Raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir, geta við sölu eða aðra ráðstöfun, reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

Handbært fé

Til handbærs fjár í efnahagsreikningi og við gerð sjóðstreymis teljast bankainnstæður.

Tekjur

Tekjur eru færðar þegar verulegar líkur eru á að fjárhagslegur ávinningur þeirra renni til deildarinnar og þegar hægt er að meta þær með áreiðanlegum hætti.

Vaxtatekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar þær falla til.

3. Framlög og styrkir

	2015	2014
Húsaleigustyrkir	6.800.000	6.800.000
Ferðastyrkir	0	515.500
Rekstrarstyrkur	8.125.434	8.087.000
Aðrir styrkir og tekjur	3.915.240	834.005
	<u>18.840.674</u>	<u>16.236.505</u>

4. Þátttaka og kostnaður vegna móta

	2015	2014
Kostnaður meistaraflokks karla	4.260.677	2.733.116
Kostnaður meistaraflokks kvenna	3.985.811	2.567.189
Annar kostnaður	1.897.246	822.327
	<u>10.143.734</u>	<u>6.122.632</u>



Skýringar

5. Annar kostnaður

	2015	2014
Félagaskipti og sala leikmanna	1.125.898	150.083
Rekstur skrifstofu	24.591	70.095
Kosnaður vegna skemmtana- og leikjahalds	3.560.127	1.170.670
Annar kostnaður	1.730.470	1.099.919
	<u>6.441.086</u>	<u>2.490.767</u>

6. Eigið fé

	Uppsafnað frá fyrra ári	Tekjuafg. ársins	Samtals
Eigið fé 1/1	598.959	(1.172.544)	(573.585)
Afkoma f.f. ári flutt á uppsafnað eigið fé	(1.172.544)	1.172.544	0
Tap ársins		(758.142)	(758.142)
Eigið fé 31/12	<u>(573.585)</u>	<u>(758.142)</u>	<u>(1.331.727)</u>